



## BARNAVERNDARSTOFA

---

Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda og fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu á fyrstu þremur mánuðum áranna 2015 - 2017

**2017**

Í þessari samantekt er að finna samanburð á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda skv. sískráningu nefndanna á fyrstu þremur mánuðum áráanna 2015, 2016 og 2017. Endanlegar upplýsingar um fjölda tilkynninga koma fram í samtölublöðum barnaverndarnefndanna sem birtast í ársskýrslu Barnaverndarstofu. Einnig er hér að finna upplýsingar um fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu á fyrstu þremur mánuðum áráanna 2015, 2016 og 2017.

### **Tilkynningar til barnaverndarnefnda**

Tilkynningum til barnaverndarnefnda fjölgaði um 16,7% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2017 miðað sama tímabil árið á undan. Hins vegar er fjölgunin 19,3% ef miðað er við fyrstu þrjú mánuði ársins 2015. Fjöldi tilkynninga á fyrstu þremur mánuðum ársins 2017 var 2.550 tilkynningar, en 2.185 á sama tímabili árið á undan. Tilkynningum á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði á fyrstu þremur mánuðum ársins 2017 um 15,1%, en á landsbyggðinni fjölgaði tilkynningum um 20,6% ef miðað er við sama tímabil árið á undan. Þess ber að geta að tilkynning til barnaverndarnefndar verður að barnaverndarmáli ef tekin er ákvörðun um könnun máls í kjölfar tilkynningarinnar.

Flestar tilkynningar á fyrstu þremur mánuðum ársins 2017 voru vegna vanrækslu eða 39,4% tilkynninga. Hlutfall tilkynningar fyrir sama tímabil árið 2016 vegna vanrækslu var 38,1% og 38,8% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2015. Hlutfall tilkynninga vegna ofbeldis var 27,1% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2017, 28,9% fyrir sama tímabil árið undan og 27,6% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2015. Hlutfall tilkynninga vegna áhættuhegðunar barna var 32,5% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2017, 32% fyrir sama tímabil árið á undan og 32,7% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2015. Hlutfall tilkynninga þar sem að heilsu eða lífi ófædds barns var stefnt í hættu var um 1% öll tímabilin.

Hlutfall tilkynninga þar sem tilkynnt var um vanrækslu og fram kom að foreldrar voru í áfengis-og/eða fíkniefnaneyslu var 11,5% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2017, 10% fyrir sama tímabil árið á undan og 11,8% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2015. En í tilkynningum um ofbeldi var hlutfall tilkynninga þar sem um heimilisofbeldi var að ræða 7,6% á fyrstu þremur mánuðum árinu 2017, 8,1% á sama tímabili árið á undan og 6,6% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2015.

Flestar tilkynningar bárust frá lögreglu, eða 42,2% tilkynninga á fyrstu þremur mánuðum ársins 2017, hlutfallið var 41,9% á sama tímabili árið á undan og 40,9% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2015.

Samanlagður fjöldi barna sem tilkynnt var um á fyrstu þremur mánuðum ársins 2017 var 2.053 börn, en sambærileg tala fyrir árið á undan var 1.847 börn og 1.792 börn á fyrstu þremur mánuðum ársins 2015. Þess ber að geta að tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt var um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

### **Umsóknir til Barnaverndarstofu**

Umsóknum um meðferðarúrræði á vegum Barnaverndarstofu fjölgaði á fyrstu þremur mánuðum ársins 2017 um eina, úr 41 umsókn í 42 umsóknir miðað við sama tímabil árið á undan. Umsóknir voru 32 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2015. Umsóknir um Stuðla voru 11 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2017 og fjölgaði miðað við sama tímabil árin á undan. Umsóknir um önnur meðferðarheimili (Laugaland,

Lækjarbakka og Háholt) voru 7 á á fyrstu þremur mánuðum ársins 2017 og fjölgaði um tvær umsóknir miðað við sama tímabil árin á undan. Umsóknum um MST fækkaði úr 29 í 24 umsóknir á fyrstu þremur mánuðum ársins 2017 miðað við sama tímabil árið á undan. Umsóknir voru 21 fyrir sama tímabil á árinu 2015. Fjölkerfameðferð (MST) snýr að fjölskyldum unglinga með fjölþættan hegðunarvanda sem kominn er á það alvarlegt stig að vistun unglings utan heimilis er talin koma til greina. Markhópurinn eru unglingar á aldrinum 12-18 ára og fer meðferðin fram á heimilum fólks. Frá því í febrúar 2015 hefur þjónusta MST náð til alls landsins, en áður var þjónustusvæðið miðað við 60 min. akstursfjarlægð frá Reykjavík. Fleiri umsóknir um meðferð bárust fyrir drengi en stúlkur öll árin.

Beiðnum til Barnaverndarstofu um fósturheimili fjölgaði á fyrstu þremur mánuðum ársins 2017 úr 36 beiðnum í 49 miðað við sama tímabil árið á undan. Beiðnir um fósturheimili voru 21 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2015. Beiðnum um tímabundið fóstur fjölgaði mest. Beiðnum frá Reykjavík, nágrenni Reykjavíkur og frá landsbyggðinni fjölgaði á árinu 2017 miðað við árin á undan og fleiri beiðnir bárust fyrir drengi en stúlkur.

Rannsóknarviðtöl í Barnahúsi skiptast í skýrslutökur fyrir dómi annars vegar og könnunarviðtöl fyrir barnaverndarnefndir hins vegar. Rannsóknarviðtölum alls fjölgaði úr 59 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2016 í 67 fyrir sama tímabil á árinu 2017, en þau voru 61 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2015. Skýrslutökur fyrir dómi voru 25 á fyrstu þremur mánuðum árána 2017 og 2016, en 37 á sama tímabili á árinu 2015. Skýrslutökum vegna kynferðislegs ofbeldis fækkaði á árinu 2016 miðað við árið á undan úr 33 í 8, en þær voru 15 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2017. Frá því í mars 2015 hefur Barnahús einnig sinnt skýrslutökum og meðferð barna sem hafa upplifað líkamlegt ofbeldi og/eða heimilisofbeldi. Könnunarviðtölum fyrir barnaverndarnefndir fjölgaði úr 34 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2016 í 42 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2017, en þau voru 24 á sama tímabili á árinu 2015. Fjöldi barna sem fóru í greiningar- og meðferðarviðtöl á fyrstu þremur mánuðum ársins 2017 var 38 sem er svipaður fjöldi og fyrir sama tímabil á árinu 2015, en þau voru 44 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2016. Stúlkur voru í meirihluta þeirra barna sem komu í rannsóknarviðtöl öll árin.

Vistunum á neyðarvistun Stuðla fjölgaði úr 46 í 62 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2017 miðað við sama tímabil árið á undan. Vistunardögum fjölgaði einnig úr 244 dögum í 345 daga, en vistunardagar á fyrstu þremur mánuðum ársins 2015 voru 294. Alls komu 42 börn í neyðarvistun á fyrstu þremur mánuðum ársins 2017, en 37 börn á sama tímabili á árinu 2016 og 27 börn á sama tímabili á árinu 2015.

Umsóknum um leyfi til að gerast fósturforeldrar fjölgaði, voru 13 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2015, 17 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2016 og 20 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2017.

Í eftirfarandi töflum má sjá sundurliðun á þessum samanburði.

## Tilkynningar til barnaverndarnefnda

### Fjöldi tilkynninga

Barnaverndarnefnd	Fyrstu þrjú mánuðir 2015		Fyrstu þrjú mánuðir 2016		Fyrstu þrjú mánuðir 2017	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Barnaverndarnefnd Reykjavíkur	1.005	47,0	949	43,4	1.146	44,9
Fjölskyldunefnd Seltjarnarness	10	0,5	15	0,7	5	0,2
Barnavernd Kópavogs	205	9,6	167	7,6	207	8,1
Fjölskylduráð Garðabæjar	71	3,3	86	3,9	81	3,2
Barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar	231	10,8	267	12,2	275	10,8
Barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar	116	5,4	114	5,2	143	5,6
Fjölskylduráð Grindavíkur	7	0,3	17	0,8	20	0,8
Fjölskyldu- og velferðarnefnd Sandgerðisbæjar, Garðs og Voga	68	3,2	45	2,1	66	2,6
Fjölskyldunefnd Mosfellsbæjar	34	1,6	55	2,5	57	2,2
Barnaverndarn. Akraneskaupstaðar	51	2,4	51	2,3	27	1,1
Barnaverndarnefnd Borgarfjarðar og Dala	16	0,8	29	1,3	40	1,6
Félagsmála- og barnaverndarnefnd Snæfellinga	16	0,8	27	1,2	18	0,7
Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum	37	1,7	35	1,6	39	1,5
Barnaverndarnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðar	3	0,1	2	0,1	1	0,0
Barnaverndarnefnd Húnaþings vestra og Stranda	1	0,0	13	0,6	8	0,3
Félagsmálaráð Austur Húnavatnssýslu	32	1,5	11	0,5	9	0,4
Barnaverndarnefnd Skagafjarðar	13	0,6	7	0,3	11	0,4
Barnaverndarnefnd Útey	4	0,2	17	0,8	19	0,7
Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar	82	3,8	94	4,3	146	5,7
Félags- og barnaverndarnefnd Þingeyinga	16	0,8	8	0,4	27	1,1
Félagsmálanefnd Fljótshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar	12	0,6	7	0,3	13	0,5
Barnaverndarnefnd Fjarðabyggðar	14	0,7	17	0,8	16	0,6
Félagsmálanefnd Hornafjarðar	7	0,3	7	0,3	20	0,8
Félagsmálanefnd Árborgar	32	1,5	31	1,4	36	1,4
Velferðarnefnd Árneshóls	16	0,7	20	0,9	33	1,3
Barnaverndarnefnd Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu	13	0,6	28	1,3	23	0,9
Fjölskyldu- og tómstráð Vestmannaeyja	25	1,2	66	3,0	64	2,5
<b>Samtals</b>	<b>2.137</b>	<b>100,0</b>	<b>2.185</b>	<b>100,0</b>	<b>2.550</b>	<b>100,0</b>

### Fjöldi tilkynninga skipt eftir kynjum


Kyn	Fyrstu þrjú mánuðir 2015		Fyrstu þrjú mánuðir 2016		Fyrstu þrjú mánuðir 2017	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	1.080	50,5	1.174	53,7	1.457	57,1
Stúlkur	1.036	48,5	995	45,5	1.068	41,9
Ekki vitað <sup>1</sup>	21	1,0	16	0,7	25	1,0
<b>Samtals</b>	<b>2.137</b>	<b>100,0</b>	<b>2.185</b>	<b>100,0</b>	<b>2.550</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna

### Fjöldi tilkynninga eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu þrjú mánuðir 2015		Fyrstu þrjú mánuðir 2016		Fyrstu þrjú mánuðir 2017	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Höfuðborgarsvæði <sup>1</sup>	1.556	72,8	1.539	70,4	1.771	69,5
Landsbyggð	581	27,2	646	29,6	779	30,5
<b>Samtals</b>	<b>2.137</b>	<b>100,0</b>	<b>2.185</b>	<b>100,0</b>	<b>2.550</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Höfuðborgarsvæðið tilheyrir öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.



## Fjöldi barna sem tilkynnt var um<sup>1</sup>

	Fyrstu þrjú mánuðir 2015		Fyrstu þrjú mánuðir 2016		Fyrstu þrjú mánuðir 2017	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
<b>Barnaverndarnefnd</b>						
Barnaverndarnefnd Reykjavíkur	782	43,6	751	40,7	842	41,0
Fjölskyldunefnd Seltjarnarness	10	0,6	15	0,8	5	0,2
Barnavernd Kópavogs	179	10,0	151	8,2	167	8,1
Fjölskylduráð Garðabæjar	65	3,6	71	3,8	71	3,5
Barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar	206	11,5	232	12,6	221	10,8
Barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar	100	5,6	103	5,6	126	6,1
Fjölskylduráð Grindavíkur	7	0,4	15	0,8	18	0,9
Fjölskyldu- og velferðarnefnd Sandgerðisbæjar, Garðs og Voga	58	3,2	40	2,2	60	2,9
Fjölskyldunefnd Mosfellsbæjar	28	1,6	47	2,5	54	2,6
Barnaverndarn. Akraneskaupstaðar	39	2,2	45	2,4	26	1,3
Barnaverndarnefnd Borgarfjarðar og Dala	12	0,7	25	1,4	36	1,8
Félagsmála- og barnaverndarnefnd Snæfellinga	16	0,9	27	1,5	18	0,9
Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum	35	1,9	28	1,5	34	1,7
Barnaverndarnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðar	3	0,2	2	0,1	1	0,1
Barnaverndarnefnd Húnaþings vestra og Stranda	1	0,1	13	0,7	8	0,4
Félagsmálaráð Austur Húnavatnssýslu	28	1,6	11	0,6	9	0,4
Barnaverndarnefnd Skagafjarðar	13	0,7	7	0,4	10	0,5
Barnaverndarnefnd Útey	4	0,2	17	0,9	18	0,9
Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar	75	4,2	88	4,8	127	6,2
Félags- og barnaverndarnefnd Þingeyinga	14	0,8	6	0,3	23	1,1
Félagsmálanefnd Fljótshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar	12	0,7	7	0,4	9	0,4
Barnaverndarnefnd Fjarðabyggðar	13	0,7	14	0,8	15	0,7
Félagsmálanefnd Hornafjarðar	7	0,4	7	0,4	13	0,6
Félagsmálanefnd Árborgar	32	1,8	29	1,6	35	1,7
Velferðarnefnd Árnesþings	16	0,9	20	1,1	31	1,5
Barnaverndarnefnd Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu	13	0,7	28	1,5	23	1,1
Fjölskyldu- og tómstundaráð Vestmannaeyja	24	1,3	48	2,6	53	2,6
<b>Samtals</b>	<b>1.792</b>	<b>100,0</b>	<b>1.847</b>	<b>100,0</b>	<b>2.053</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup> Tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt er um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur, samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

## Fjöldi barna skipt eftir kynjum

Kyn	Fyrstu þrjú mánuðir 2015		Fyrstu þrjú mánuðir 2016		Fyrstu þrjú mánuðir 2017	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	897	50,1	982	53,1	1.174	57,2
Stúlkur	881	49,2	851	46,1	859	41,8
Ekki vitað <sup>1</sup>	14	0,8	14	0,8	20	1,0
<b>Samtals</b>	<b>1.792</b>	<b>100,0</b>	<b>1.847</b>	<b>100,0</b>	<b>2.053</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna

## Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu þrjú mánuðir 2015		Fyrstu þrjú mánuðir 2016		Fyrstu þrjú mánuðir 2017	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Höfuðborgarsvæði <sup>1</sup>	1.270	70,9	1.267	68,6	1.360	66,2
Landsbyggð	522	29,1	580	31,4	693	33,8
<b>Samtals</b>	<b>1.792</b>	<b>100,0</b>	<b>1.847</b>	<b>100,0</b>	<b>2.053</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup> Höfuðborgarsvæðið tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

## Fjöldi barna þar sem mál var þegar til meðferðar (opið mál) eða ákveðið var að hefja könnun

	Fyrstu þrjú mánuðir 2015		Fyrstu þrjú mánuðir 2016		Fyrstu þrjú mánuðir 2017	
	Fjöldi	Hlutfall <sup>1</sup>	Fjöldi	Hlutfall <sup>1</sup>	Fjöldi	Hlutfall <sup>1</sup>
Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun, mál þegar í könnun eða meðferð (opið mál)	1.311	73,2	1.417	76,1	1.481	72,1
Drengir	669	51,0	751	53,0	834	56,3
Stúlkur	628	47,9	654	46,2	631	42,6
Ekki vitað <sup>2</sup>	14	1,1	12	0,8	16	1,1
Þar af nýjar kannanir	727	40,6	759	40,7	780	38,0
Drengir	364	50,1	389	51,2	425	54,5
Stúlkur	350	48,1	362	47,7	343	44,0
Ekki vitað <sup>2</sup>	13	1,8	8	1,1	12	1,5

<sup>1</sup> Hlutfall af þeim börnum sem tilkynnt var um

<sup>2</sup> Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna

## Ástæður tilkynninga

Ástæður tilkynninga	Fyrstu þrjú mánuðir 2015		Fyrstu þrjú mánuðir 2016		Fyrstu þrjú mánuðir 2017	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
<b>Vanræksla</b>	<b>829</b>	<b>38,8</b>	<b>833</b>	<b>38,1</b>	<b>1.004</b>	<b>39,4</b>
<i>Drengir</i>	411	19,2	433	19,8	554	21,7
<i>Stúlkur</i>	418	19,6	400	18,3	450	17,6
Líkamleg vanræksla	37	1,7	64	2,9	55	2,2
<i>Drengir</i>	23	1,1	37	1,7	38	1,5
<i>Stúlkur</i>	14	0,7	27	1,2	17	0,7
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit	639	29,9	649	29,7	835	32,7
<i>Drengir</i>	318	14,9	340	15,6	457	17,9
<i>Stúlkur</i>	321	15,0	309	14,1	378	14,8
Þar af foreldrar í áfengis-og fíkniefnaneyslu	253	11,8	218	10,0	294	11,5
<i>Drengir</i>	128	6,0	109	5,0	145	5,6
<i>Stúlkur</i>	125	5,8	109	5,0	149	5,8
Vanræksla varðandi nám	61	2,9	67	3,1	60	2,4
<i>Drengir</i>	31	1,5	33	1,5	30	1,2
<i>Stúlkur</i>	30	1,4	34	1,6	30	1,2
Tilfinningaleg vanræksla	111	5,2	88	4,0	90	3,5
<i>Drengir</i>	54	2,5	39	1,8	53	2,1
<i>Stúlkur</i>	57	2,7	49	2,2	37	1,5
<b>Ofbeldi</b>	<b>589</b>	<b>27,6</b>	<b>632</b>	<b>28,9</b>	<b>691</b>	<b>27,1</b>
<i>Drengir</i>	263	12,3	303	13,9	341	13,4
<i>Stúlkur</i>	326	15,3	329	15,1	350	13,7
Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi	296	13,9	394	18,0	401	15,7
<i>Drengir</i>	142	6,6	186	8,5	211	8,3
<i>Stúlkur</i>	154	7,2	208	9,5	190	7,5
Þar af heimilisofbeldi	142	6,6	176	8,1	195	7,6
<i>Drengir</i>	60	2,8	86	3,9	106	4,2
<i>Stúlkur</i>	82	3,8	90	4,1	89	3,5
Líkamlegt ofbeldi	149	7,0	139	6,4	201	7,9
<i>Drengir</i>	91	4,3	91	4,2	119	4,7
<i>Stúlkur</i>	58	2,7	48	2,2	82	3,2
Kynferðislegt ofbeldi	137	6,4	90	4,1	113	4,4
<i>Drengir</i>	33	1,5	23	1,1	28	1,1
<i>Stúlkur</i>	104	4,9	67	3,1	85	3,3




<b>Áhættuhegðun barna</b>	<b>698</b>	<b>32,7</b>	<b>700</b>	<b>32,0</b>	<b>829</b>	<b>32,5</b>
<i>Drengir</i>	410	19,2	438	20,0	561	22,0
<i>Stúlkur</i>	288	13,5	262	12,0	268	10,5
Neysla barns á vímuefnum	159	7,4	126	5,8	124	4,9
<i>Drengir</i>	114	5,3	68	3,1	67	2,6
<i>Stúlkur</i>	45	2,1	58	2,7	57	2,2
Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu	238	11,1	245	11,2	330	12,9
<i>Drengir</i>	102	4,8	140	6,4	204	8,0
<i>Stúlkur</i>	136	6,4	105	4,8	126	4,9
Afbrot barns	154	7,2	167	7,6	177	6,9
<i>Drengir</i>	93	4,4	121	5,5	134	5,3
<i>Stúlkur</i>	61	2,9	46	2,1	43	1,7
Barn beitir ofbeldi	112	5,2	119	5,4	124	4,9
<i>Drengir</i>	93	4,4	90	4,1	109	4,3
<i>Stúlkur</i>	19	0,9	29	1,3	15	0,6
Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt	60	2,8	72	3,3	96	3,8
<i>Drengir</i>	25	1,2	44	2,0	63	2,5
<i>Stúlkur</i>	35	1,6	28	1,3	33	1,3
<b>Heilsa eða líf ófædds barns í hættu</b>	<b>21</b>	<b>1,0</b>	<b>20</b>	<b>0,9</b>	<b>26</b>	<b>1,0</b>
<b>Tilkynningar alls</b>	<b>2.137</b>	<b>100,0</b>	<b>2.185</b>	<b>100,0</b>	<b>2.550</b>	<b>100,0</b>
<b>Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu<sup>2</sup></b>	<b>104</b>	<b>100,0</b>	<b>138</b>	<b>100,0</b>	<b>78</b>	<b>100,0</b>
<i>Drengir</i>	46	44,2	70	50,7	46	59,0
<i>Stúlkur</i>	58	55,8	68	49,3	29	37,2
<i>Ekki vitað<sup>3</sup></i>	0	0,0	0	0,0	3	3,8

<sup>1</sup>Athugið að aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokka fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

<sup>2</sup>Að mati tilkynnanda

<sup>3</sup>Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna



## Tilkynnendur

Tilkynnendur	Fyrstu þrjú mánuðir 2015		Fyrstu þrjú mánuðir 2016		Fyrstu þrjú mánuðir 2017	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Barnið sjálft	9	0,4	14	0,6	18	0,7
Ættingjar barns aðrir en foreldrar	110	5,2	106	4,9	117	4,6
Nágrannar	117	5,5	168	7,7	142	5,6
Önnur barnaverndarnefnd	45	2,1	39	1,8	35	1,4
Þjónustumiðst./starfsm.félagsþjónustu	67	3,1	57	2,6	83	3,2
Lögregla	874	40,9	916	41,9	1.077	42,2
Skóli, sérfræðiþj., fræðslu- eða skólaskr.	313	14,7	308	14,1	438	17,2
Leikskóli/gæsluforeldri	43	2,0	70	3,2	64	2,5
Læknir/heilsugæsla/sjúkrahús	231	10,8	187	8,6	217	8,5
Foreldrar barns	176	8,2	163	7,5	169	6,6
Aðrir	152	7,1	157	7,2	190	7,5
<b>Samtals</b>	<b>2.137</b>	<b>100,0</b>	<b>2.185</b>	<b>100,0</b>	<b>2.550</b>	<b>100,0</b>

## Umsóknir um meðferð

### Tegund meðferðar

Tegund meðferðar	Fyrstu þrjú mánuðir 2015		Fyrstu þrjú mánuðir 2016		Fyrstu þrjú mánuðir 2017	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Stuðlar	6	18,8	7	17,1	11	26,2
Önnur meðferðarheimili*	5	15,6	5	12,2	7	16,7
MST	21	65,6	29	70,7	24	57,1
<b>Samtals</b>	<b>32</b>	<b>100,0</b>	<b>41</b>	<b>100,0</b>	<b>42</b>	<b>100,0</b>

\* Laugaland, Lækjarbakki og Háholt

### Umsóknir um Stuðla eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu þrjú mánuðir 2015		Fyrstu þrjú mánuðir 2016		Fyrstu þrjú mánuðir 2017	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	4	66,7	3	42,8	3	
Nágrenni Reykjavíkur <sup>1</sup>	0	0,0	2	28,6	2	
Landsbyggð	2	33,3	2	28,6	6	
<b>Samtals</b>	<b>6</b>	<b>100,0</b>	<b>7</b>	<b>100,0</b>	<b>11</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

### Umsóknir um önnur meðferðarheimili eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu þrjú mánuðir 2015		Fyrstu þrjú mánuðir 2016		Fyrstu þrjú mánuðir 2017	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	4	80,0	2	40,0	5	
Nágrenni Reykjavíkur <sup>1</sup>	0	0,0	2	40,0	2	
Landsbyggð	1	20,0	1	20,0	0	
<b>Samtals</b>	<b>5</b>	<b>100,0</b>	<b>5</b>	<b>100,0</b>	<b>7</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

## Umsóknir um MST eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu þrjú mánuðir 2015		Fyrstu þrjú mánuðir 2016		Fyrstu þrjú mánuðir 2017	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	11	52,4	8	27,6	9	37,5
Nágrenni Reykjavíkur <sup>1</sup>	3	14,3	12	41,4	6	25,0
Eldra þjónustusvæði <sup>2</sup>	6	28,6	6	20,7	4	16,7
Nýtt þjónustusvæði <sup>3</sup>	1	4,8	3	10,3	5	20,8
<b>Samtals</b>	<b>21</b>	<b>100,0</b>	<b>29</b>	<b>100,0</b>	<b>24</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup> Nágrenni Reykjavíkur eru Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur

<sup>2</sup> Þjónustusvæði MST náði yfir 60 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík, að frátalinni Reykjavík og nágrenni Reykjavíkur

<sup>3</sup> Önnur svæði landsins en Reykjavík og þau sem tilgreind eru í skýringu 1 og 2, þjónustan hófst í febrúar 2015.

## Kyn barna þar sem sótt er um meðferð á Stuðlum

Kyn	Fyrstu þrjú mánuðir 2015		Fyrstu þrjú mánuðir 2016		Fyrstu þrjú mánuðir 2017	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	2	33,3	4	57,1	8	72,7
Stúlkur	4	66,7	3	42,9	3	27,3
<b>Samtals</b>	<b>6</b>	<b>100,0</b>	<b>7</b>	<b>100,0</b>	<b>11</b>	<b>100,0</b>

## Kyn barna þar sem sótt er um meðferð á öðrum meðferðarheimilum

Kyn	Fyrstu þrjú mánuðir 2015		Fyrstu þrjú mánuðir 2016		Fyrstu þrjú mánuðir 2017	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	1	20,0	3	60,0	4	57,1
Stúlkur	4	80,0	2	40,0	3	42,9
<b>Samtals</b>	<b>5</b>	<b>100,0</b>	<b>5</b>	<b>100,0</b>	<b>7</b>	<b>100,0</b>

## Kyn barna þar sem sótt er um MST

Kyn	Fyrstu þrjú mánuðir 2015		Fyrstu þrjú mánuðir 2016		Fyrstu þrjú mánuðir 2017	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	11	52,4	16	55,2	15	62,5
Stúlkur	10	47,6	13	44,8	9	37,5
<b>Samtals</b>	<b>21</b>	<b>100,0</b>	<b>29</b>	<b>100,0</b>	<b>24</b>	<b>100,0</b>

## Beiðnir um fósturheimili

### Tegund fósturs

Tegund fósturs	Fyrstu þrjú mánuðir 2015		Fyrstu þrjú mánuðir 2016		Fyrstu þrjú mánuðir 2017	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Tímabundið	11	52,4	22	61,1	40	81,6
Varanlegt	5	23,8	9	25,0	6	12,2
Styrkt	5	23,8	5	13,9	3	6,1
<b>Samtals</b>	<b>21</b>	<b>100,0</b>	<b>36</b>	<b>100,0</b>	<b>49</b>	<b>100,0</b>

### Beiðnir eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu þrjú mánuðir 2015		Fyrstu þrjú mánuðir 2016		Fyrstu þrjú mánuðir 2017	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	13	61,9	17	47,2	22	44,9
Nágrenni Reykjavíkur <sup>1</sup>	4	19,0	7	19,4	9	18,4
Landsbyggð	4	19,0	12	33,3	18	36,7
<b>Samtals</b>	<b>21</b>	<b>100,0</b>	<b>36</b>	<b>100,0</b>	<b>49</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Nágrenni Reykjavíkur tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

### Kyn barna

Kyn	Fyrstu þrjú mánuðir 2015		Fyrstu þrjú mánuðir 2016		Fyrstu þrjú mánuðir 2017	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	12	57,1	21	58,3	30	61,2
Stúlkur	9	42,9	15	41,7	19	38,8
<b>Samtals</b>	<b>21</b>	<b>100,0</b>	<b>36</b>	<b>100,0</b>	<b>49</b>	<b>100,0</b>

## Þjónusta í Barnahúsi

### Þjónusta í Barnahúsi

	Fyrstu þrjú mánuðir 2015	Fyrstu þrjú mánuðir 2016	Fyrstu þrjú mánuðir 2017
	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi
Rannsóknarviðtöl	61	59	67
a. Skýrslutökur <sup>1</sup>	37	25	25
Vegna kynferðislegs ofbeldis	33	8	15
Vegna líkamlegs- og heimilisofbeldi ofbeldis	4	17	10
b. Könnunarviðtöl	24	34	42
Þar af við vegaláus börn <sup>2</sup>			5
Greiningar- og meðferðarviðtöl	36	44	38
Læknisskoðanir	4	1	1

<sup>1</sup> Skýrslutökur vegna líkamlegs- og heimilisofbeldi hófust í mars 2015. Til viðbótar nýttu lögreglan aðstöðu Barnahúss í einu tilviki á árinu 2017 til þess að taka skýrslu af barni.

<sup>2</sup> Skýrslutökur vegna vegaláusra barna hófust á árinu 2016

### Kyn barna í Barnahúsi<sup>1</sup>

Kyn	Fyrstu þrjú mánuðir 2015		Fyrstu þrjú mánuðir 2016		Fyrstu þrjú mánuðir 2017	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	12	19,7	26	44,1	24	35,8
Stúlkur	49	80,3	33	55,9	43	64,2
<b>Samtals</b>	<b>61</b>	<b>100,0</b>	<b>59</b>	<b>100,0</b>	<b>67</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup> Kyn þeirra barna sem komu í skýrslutöku eða könnunarviðtal, sama barn getur komið bæði í skýrslutöku og könnunarviðtal innan tiltekins tíma.

## Neyðarvistun á Stuðlum

### Neyðarvistun á Stuðlum<sup>1</sup>

	Fyrstu þrjú mánuðir 2015	Fyrstu þrjú mánuðir 2016	Fyrstu þrjú mánuðir 2017
	<i>Fjöldi</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Fjöldi</i>
Fjöldi vistana	41	46	62
Vistunardagar	294	244	345
Fjöldi einstaklinga	27	37	42

### Kyn barna í neyðarvistun á Stuðlum

Kyn	Fyrstu þrjú mánuðir 2015		Fyrstu þrjú mánuðir 2016		Fyrstu þrjú mánuðir 2017	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	12	44,4	24	64,9	28	66,7
Stúlkur	15	55,6	13	35,1	14	33,3
<b>Samtals</b>	<b>27</b>	<b>100,0</b>	<b>37</b>	<b>100,0</b>	<b>42</b>	<b>100,0</b>

## Umsóknir um leyfi til að gerast fósturforeldrar

### Umsókn um leyfi til að gerast fósturforeldrar

Hvaðan koma umsóknir?	Fyrstu þrjú mánuðir 2015		Fyrstu þrjú mánuðir 2016		Fyrstu þrjú mánuðir 2017	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík og nágrenni <sup>1</sup>	9	69,2	9	52,9	9	45,0
Vesturland	1	7,7	2	11,8	1	5,0
Vestfirðir	1	7,7	0	0,0	0	0,0
Norðurland	0	0,0	3	17,6	1	5,0
Austurland	0	0,0	1	5,9	1	5,0
Suðurland	0	0,0	2	15,8	4	20,0
Reykjanes	2	15,4	0	0,0	3	15,0
Fólk búsett erlendis	0	0,0	0	0,0	1	5,0
<b>Samtals</b>	<b>13</b>	<b>100,0</b>	<b>17</b>	<b>100,0</b>	<b>20</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Reykjavík og nágrenni tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.